



Alþingi  
Stjómskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Selfossi, 13. mars 2018

**Efni:** Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samræmingu verklags um fjarfundi á vegum ráðuneyta, 45. mál.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) tekur undir mikilvægi fjarfunda í rafrænni stjórnarsýslu. Samræmt verklag um fjarfundi opnar fyrir greiðara aðgengi að opinberri stjórnarsýslu sem á að vera aðgengileg fyrir alla landsmenn og þjónusta einstaklinga og lögaðila jafnt, óháð búsetu.

Hins vegar er forsendan fyrir stafrænum samskiptum að einstaklingar og lögaðilar hafi aðgengi að góðri og öruggri nettengingu. Nettenging er enn misjöfn á hinum ýmsu stöðum á landinu þó ágætlega hafi miðað í verkefninu Ísland ljóstengt.

Stjórn leggur áherslu á að þingsályktunartillagan verði tekin til afgreiðslu og samþykkt.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar

Bjarni Guðmundsson,  
framkvæmdastjóri